



## ERINDISBRÉF

### Stýrihóps um endurskoðun vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar

#### Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

#### Inngangur:

Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar felst í hálkueyðingu og snjóhreinsun gatnakerfis og göngu- og hjólaleiða borgarinnar til öryggis fyrir borgarbúa og aðra vegfarendur. Í þjónustuhandbók vetrarþjónustu er gatna- og stígakerfinu skipt niður í þjónustuflokka með tilliti til umfangs þeirrar þjónustu sem veitt er. Fyrir hvern flokk er skilgreint þjónustumarkmið og þjónustustig. Þörf er á því að endurskoða fyrirkomulag og forgangsröðun vetrarþjónustunnar með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á gatna- og stígakerfi borgarinnar undanfarin ár með það að markmiði að gera hana skilvirkari og hagkvæmari miðað við aðstæður hverju sinni.

#### Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu og greina hvar þörf er á breytingum til að stuðla að skilvirkari þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Hópurinn fari yfir þjónustumarkmið og þjónustustig og geri tillögu að því hvernig forgangi skuli háttáð svo samgöngur gangi eins vel fyrir sig og raunhæft er í mismunandi aðstæðum.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu.
- Gera tillögu að breytingum með skilvirka þjónustu og hagkvæmni að leiðarljósi.
- Gera tillögu að forgangsröðun vetrarþjónustu.

#### Stýrihópin skipa:

Fulltrúi meirihluta í umhverfis- og skipulagsráði, formaður.

Fulltrúi meirihluta í umhverfis- og skipulagsráði.

Fulltrúi minnihluta í umhverfis- og skipulagsráði.

#### Starfsmaður/verkefnisstjóri stýrihóps:

Utanaðkomandi ráðgjafi.

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Þjónustuver Reykjavíkurborgar, umhverfis- og skipulagssvið; m.a. skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar, skrifstofa þjónusta og samskipta, skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins, sorphirðan.



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Stýrihópurinn skili af sér tillögu að fyrirkomulagi vetrarþjónustu fyrir 2. nóvember 2022. Tillagan verði lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð.

Reykjavík, 13. september 2022

---

Ólöf Örvarsdóttir,  
sviðsstjóri